

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 134/2007

frá 26. október 2007

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2007 frá 28. september 2007 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2007 frá 28. september 2007 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2003 frá 11. júlí 2003 um þá málsmeðferð sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu skal nota þegar beiðnum um vísindalegar álitserðir er vísað til hennar ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1642/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 178/2002 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB frá 29. apríl 2004 um samþykkt almennrar áætlunar um áfallastjórnun á sviði matvæla og fódurs ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2230/2004 frá 23. desember 2004 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar net stofnana sem starfa á sviðum sem falla undir hlutverk Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 frá 7. apríl 2006 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar fjölda og heiti fastra sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 12, og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 21, og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðin breyttist síðast samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 (Stjtið. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 185, 24.7.2003, bls. 6. Leiðréttingar birtust í Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 46.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 4.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 98. Leiðréttingar birtust í Stjtið. ESB L 212, 12.6.2004, bls. 60.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 64.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3.

- 9) Fella ber inn í samninginn ákvörðun ráðsins 2006/478/EB frá 19. júní 2006 um skipun helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁹⁾
- 10) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.
- 11) Rétt er að láta ákvörðun þessa taka til Íslands án aðlögunarfrestsins sem kveðið er á um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka við samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. og II. viðauki við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 178/2002, nr. 1304/2003, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 46, nr. 1642/2003, nr. 2230/2004 og nr. 575/2006 og ákvarðana 2004/478/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 212, 12.6.2004, bls. 60, og 2006/478/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*) eða gildis-tökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007, hvort sem síðar er.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 189, 12.7.2006, bls. 7.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007

I. og II. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á eftir 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„Almenn lög um matvæli og Matvælaöryggisstofnun Evrópu

13. **32002 R 0178**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. ESB L 31, 1.2.2002, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32003 R 1642**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1642/2003 frá 22. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 4),
- **32006 R 0575**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 frá 7. apríl 2006 (Stjtið. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).

Ákvæði reglugerðar (EB) nr. 178/2002 skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðarinnar, svo og ákvæði gerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skulu taka til Íslands án aðlögunarfrestsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka.
- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í störfum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, sem nefnist „stofnunin“ í því sem hér fer á eftir, en hafa þó ekki atkvæðarétt. Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ í reglugerðinni þannig að það taki til EFTA-ríkjanna auk ríkja sem það tekur til samkvæmt reglugerðinni, enda sé ekki kveðið á um annað hér á eftir. Beita skal ákvæðum 11. mgr. bókunar 1.
- c) Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi fastanefndar um matvælaferli og heilbrigði dýra þegar fjallað er um málefni sem heyra undir gerðir sem um getur í samningnum. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.
- d) Í stað texta 12. gr. komi eftirfarandi:
„Löggjöf EFTA-ríkjanna um framleiðslu, innflutning og sölu matvæla og fódurs skal fullnægja öllum viðeigandi kröfum laga um matvæli, og skal þannig meðal annars hafa að geyma virk úrræði til að koma í veg fyrir að vörur, sem teknar eru af markaði í einu ESB-ríki, séu fluttar út (aftur) til ríkis utan ESB um EFTA-ríki.“
- e) Eftirlitsstofnun EFTA skulu afhentar upplýsingarnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 26. gr. 2. mgr. 32. gr., 4. og 6. mgr. 33. gr. og 4. mgr. 34. mgr.
- f) Ákvæði 29. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríki er heimilt að fara fram á vísindaálit stofnunarinnar á atriðum sem falla undir starfsvið hennar. Slíka beiðni skal fyrst senda framkvæmdastjórninni og skal hún, ef beiðnin telst hafa almennt gildi, framsenda hana stofnuninni í því skyni að fá umbeðið álit hennar.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fara fram á vísindalegt álit stofnunarinnar á málinu. Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa samstarf um þetta við framkvæmdastjórnina til þess að tryggja samræmi í vinnubrögðum.

g) Ákvæði 31. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fara fram á vísindalega og tæknilega aðstoð stofnunarinnar, sbr. ákvæði 31. gr., í tengslum við atriði sem falla undir starfsvið hennar samkvæmt samningnum.

h) Eftirfarandi bætist við í 48. gr.:

„Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.“

i) Ákvæði 53. og 54. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

1. Þegar um ræðir matvæli eða fóður sem er upprunið í Evrópubandalaginu eða EFTA-ríki gilda eftirtalin ákvæði:

a) Hyggist Evrópubandalagið eða EFTA-ríki gera neyðarráðstafanir gagnvart öðrum samningsaðilum skal þeim gert viðvart um það án tafar.

Fyrirhugaðar ráðstafanir skulu tilkynntar án tafar öllum samningsaðilum og bæði framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA.

Heimilt skal að láta ráðstafanirnar öðlast gildi tafarlaust, en viðræður milli framkvæmdastjórnar EB og hlutaðeigandi samningsaðila um heppilegar lausnir skulu eiga sér stað svo skjótt sem við verður komið, að ósk einhvers þessara aðila.

Komi upp ágreiningur er sérhverjum hlutaðeigandi aðila heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Náist ekki samkomulag í nefndinni er samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir. Slíkar ráðstafanir skulu bundnar við það sem er strangt til tekið nauðsynlegt til að ráða bót á aðstæðum. Leitast skal við að velja ráðstafanir sem hafa sem minnst áhrif á framkvæmd samningsins.

b) Hyggist framkvæmdastjórn EB taka ákvörðun um neyðarráðstafanir sem varða einhvern hluta af yferráðasvæði Evrópubandalagsins skal hún gera Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum viðvart um það án tafar.

Taki framkvæmdastjórn EB ákvörðun um neyðarráðstafanir sem varða einhvern hluta af yferráðasvæði Evrópubandalagsins skal hlutaðeigandi EFTA-ríki gera samsvarandi ráðstafanir, að höfðu samráði og eftir rannsókn á málsatriðum, nema því aðeins að sérstakar aðstæður í því ríki valdi því að ekki sé réttlætjanlegt að gera slíkar ráðstafanir. Viðkomandi ríki skal þá gera Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB viðvart tafarlaust.

Viðræður um heppilegar lausnir skulu eiga sér stað svo skjótt sem við verður komið. Náist ekki samkomulag skal beitt ákvæðum fjórðu undirgreinar a-liðar.

2. Þegar um ræðir matvæli eða fóður frá landi utan EES gilda eftirtalin ákvæði:

- a) Þegar aðildarríki EB gera neyðarráðstafanir að því er varðar innflutning frá ríkjum utan EES skulu EFTA-ríkin gera samsvarandi ráðstafanir á sama tíma.
- b) Komi upp erfiðleikar í tengslum við beitingu tiltekinnar gerðar Evrópubandalagsins skal hlutaðeigandi EFTA-ríki tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni án tafar.
- c) Ákvæði þessarar málsgreinar skerða ekki heimildir EFTA-ríkis til að gera neyðarráðstafanir einhliða meðan beðið er ákvarðana af því tagi sem um getur í a-lið.
- d) Sameiginlega EES-nefndin getur tekið mið af ákvörðunum Evrópubandalagsins.

j) Ákvæði 60. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 1. mgr.:

„Telji stjórnvöld í EFTA-ríki að ráðstöfun aðildarríkis ESB sé annaðhvort ósamrýmanleg ákvæðum þessarar reglugerðar eða geti haft áhrif á framkvæmd samningsins skulu þau vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Hið sama á við telji stjórnvöld í aðildarríki ESB að ráðstöfun EFTA-ríkis sé annaðhvort ósamrýmanleg ákvæðum þessarar reglugerðar eða geti haft áhrif á framkvæmd samningsins.“

2. Í stað orðanna „aðildarríkin tvö“ í fyrsta og síðasta málslíð 2. mgr. komi orðin „EFTA-ríkið og aðildarríki ESB“ og í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ komi orðin „sameiginlega EES-nefndin“. Í stað orðanna „er framkvæmdastjórninni heimilt“ í öðrum málslíð komi orðin „er sameiginlegu EES-nefndinni heimilt, að beiðni annars hvors samningsaðila“.

k) EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði við rekstur stofnunarinnar í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.

l) EFTA-ríkin skulu láta stofnunina njóta sérréttinda og friðhelgi með hliðstæðum hætti og kveðið er á um í Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna.“

2) Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 29. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1177/2006) í hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka:

„30. **32003 R 1304**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2003 frá 11. júlí 2003 um þá málsmeðferð sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu skal nota þegar beiðnum um vísindalegar álitgerðir er vísað til hennar (Stjtíð. ESB L 185, 24.7.2003, bls. 6). Leiðréttingar birtust í Stjtíð. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 46.

31. **32004 D 0478**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB frá 29. apríl 2004 um samþykkt almennrar áætlunar um áfallastjórnun á sviði matvæla og fóðurs (Stjtíð. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 98). Leiðréttingar birtust í Stjtíð. ESB L 212, 12.6.2004, bls. 60.

Ákvæði ákvörðunar 2004/478/EB skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þegar framkvæmdastjórnin telur að upp séu komnar aðstæður af því tagi sem um getur í 1. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og þær aðstæður varða EFTA-ríki beinlínis, og sett er á fót áfallaráð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 56. gr. reglu-

gerðar (EB) nr. 178/2002, skal áfallafulltrúi eða áfallafulltrúar, sem EFTA-ríkið sem aðstæðurnar varða beint tilnefni, og áfallafulltrúi, sem Eftirlitsstofnun EFTA tilnefni, taka þátt í starfi áfallaráðsins.

32. **32004 R 2230**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2230/2004 frá 23. desember 2004 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar net stofnana sem starfa á sviðum sem falla undir hlutverk Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 64).
 33. **32006 D 0478**: Ákvörðun ráðsins 2006/478/EB frá 19. júní 2006 um skipun helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 189, 12.7.2006, bls. 7).“
3. Eftirfarandi bætist við á eftir 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„Almenn lög um matvæli og Matvælaöryggisstofnun Evrópu

41. **32002 R 0178**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. ESB L 31, 1.2.2002, bls. 1), eins og henni var breytt með:
 - **32003 R 1642**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1642/2003 frá 22. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 4),
 - **32006 R 0575**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 frá 7. apríl 2006 (Stjtið. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).

Ákvæði reglugerðar (EB) nr. 178/2002 skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðarinnar, svo og ákvæði gerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skulu taka til Íslands án aðlögunarfrestsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka.
- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í störfum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, sem nefnist „stofnunin“ í því sem hér fer á eftir, en hafa þó ekki atkvæðarétt. Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ í reglugerðinni þannig að það taki til EFTA-ríkjanna auk ríkja sem það tekur til samkvæmt reglugerðinni, enda sé ekki kveðið á um annað hér á eftir. Beita skal ákvæðum 11. mgr. bókunar 1.
- c) Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi fastanefndar um matvælaferli og heilbrigði dýra þegar fjallað er um málefni sem heyra undir gerðir sem um getur í samningnum. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.
- d) Í stað texta 12. gr. komi eftirfarandi:

„Löggjöf EFTA-ríkjanna um framleiðslu, innflutning og sölu matvæla og fódurs skal fullnægja öllum viðeigandi kröfum laga um matvæli, og skal þannig meðal annars hafa að geyma virk úrræði til að koma í veg fyrir að vörur, sem teknar eru af markaði í einu ESB-ríki, séu fluttar út (aftur) til ríkis utan ESB um EFTA-ríki.“
- e) Eftirlitsstofnun EFTA skulu afhentar upplýsingarnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 26. gr. 2. mgr. 32. gr., 4. og 6. mgr. 33. gr. og 4. mgr. 34. mgr.
- f) Ákvæði 29. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríki er heimilt að fara fram á vísindaálit stofnunarinnar á atriðum sem falla undir starfsvið hennar. Slíka beiðni skal fyrst senda framkvæmdastjórninni og skal hún, ef beiðnin telst hafa almennt gildi, framsenda hana stofnuninni í því skyni að fá umbeðið álit hennar.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fara fram á vísindalegt álit stofnunarinnar á málinu. Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa samstarf um þetta við framkvæmdastjórnina til þess að tryggja samræmi í vinnubrögðum.

g) Ákvæði 31. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fara fram á vísindalega og tæknilega aðstoð stofnunarinnar, sbr. ákvæði 31. gr., í tengslum við atriði sem falla undir starfsvið hennar samkvæmt samningnum.

h) Eftirfarandi bætist við í 48. gr.:

„Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.“

i) Ákvæði 53. og 54. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

1. Þegar um ræðir matvæli eða fóður sem er upprunnið í Evrópubandalaginu eða EFTA-ríki gilda eftirtalin ákvæði:

a) Hyggist Evrópubandalagið eða EFTA-ríki gera neyðarráðstafanir gagnvart öðrum samningsaðilum skal þeim gert viðvart um það án tafar.

Fyrirhugaðar ráðstafanir skulu tilkynntar án tafar öllum samningsaðilum og bæði framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA.

Heimilt skal að láta ráðstafanirnar öðlast gildi tafarlaust, en viðræður milli framkvæmdastjórnar EB og hlutaðeigandi samningsaðila um heppilegar lausnir skulu eiga sér stað svo skjótt sem við verður komið, að ósk einhvers þessara aðila.

Komi upp ágreiningur er sérhverjum hlutaðeigandi aðila heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Náist ekki samkomulag í nefndinni er samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir. Slíkar ráðstafanir skulu bundnar við það sem er strangt til tekið nauðsynlegt til að ráða bót á aðstæðum. Leitast skal við að velja ráðstafanir sem hafa sem minnst áhrif á framkvæmd samningsins.

b) Hyggist framkvæmdastjórn EB taka ákvörðun um neyðarráðstafanir sem varða einhvern hluta af yferráðasvæði Evrópubandalagsins skal hún gera Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum viðvart um það án tafar.

Taki framkvæmdastjórn EB ákvörðun um neyðarráðstafanir sem varða einhvern hluta af yferráðasvæði Evrópubandalagsins skal hlutaðeigandi EFTA-ríki gera samsvarandi ráðstafanir, að höfðu samráði og eftir rannsókn á málsatriðum, nema því aðeins að sérstakar aðstæður í því ríki valdi því að ekki sé réttlætjanlegt að gera slíkar ráðstafanir. Viðkomandi ríki skal þá gera Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB viðvart tafarlaust.

Viðræður um heppilegar lausnir skulu eiga sér stað svo skjótt sem við verður komið. Náist ekki samkomulag skal beitt ákvæðum fjórðu undirgreinar a-liðar.

2. Þegar um ræðir matvæli eða fóður frá landi utan EES gilda eftirtalin ákvæði:
 - a) Þegar aðildarríki EB gera neyðarráðstafanir að því er varðar innflutning frá ríkjum utan EES skulu EFTA-ríkin gera samsvarandi ráðstafanir á sama tíma.
 - b) Komi upp erfiðleikar í tengslum við beitingu tiltekinnar gerðar Evrópubandalagsins skal hlutaðeigandi EFTA-ríki tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni án tafar.
 - c) Ákvæði þessarar málsgreinar skerða ekki heimildir EFTA-ríkis til að gera neyðarráðstafanir einhliða meðan beðið er ákvarðana af því tagi sem um getur í a-lið.
 - d) Sameiginlega EES-nefndin getur tekið mið af ákvörðunum Evrópubandalagsins.
 - j) Ákvæði 60. gr. breytist sem hér segir:
 1. Eftirfarandi bætist við í 1. mgr.:

„Telji stjórnvöld í EFTA-ríki að ráðstöfun aðildarríkis ESB sé annaðhvort ósamrýmanleg ákvæðum þessarar reglugerðar eða geti haft áhrif á framkvæmd samningsins skulu þau vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Hið sama á við telji stjórnvöld í aðildarríki ESB að ráðstöfun EFTA-ríkis sé annaðhvort ósamrýmanleg ákvæðum þessarar reglugerðar eða geti haft áhrif á framkvæmd samningsins.“
 2. Í stað orðanna „aðildarríkin tvö“ í fyrsta og síðasta málslíð 2. mgr. komi orðin „EFTA-ríkið og aðildarríki ESB“ og í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ komi orðin „sameiginlega EES-nefndin“. Í stað orðanna „er framkvæmdastjórninni heimilt“ í öðrum málslíð komi orðin „er sameiginlegu EES-nefndinni heimilt, að beiðni annars hvors samningsaðila“.
 - k) EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði við rekstur stofnunarinnar í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.
 - l) EFTA-ríkin skulu láta stofnunina njóta sérréttinda og friðhelgi með hliðstæðum hætti og kveðið er á um í Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna.
 - m) Þessi reglugerð tekur ekki til Liechtensteins. Af þeim sökum tekur Liechtenstein ekki þátt í störfum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og tekur ekki þátt í kostnaði við rekstri hennar.
42. **32003 R 1304**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2003 frá 11. júlí 2003 um þá málsmæðferð sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu skal nota þegar beiðnum um vísindalegar álitgerðir er vísað til hennar (Stjtið. ESB L 185, 24.7.2003, bls. 6). Leiðréttingar birtust í Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 46.
43. **32004 D 0478**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB frá 29. apríl 2004 um samþykkt almennrar áætlunar um áfallastjórnun á sviði matvæla og fódurs (Stjtið. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 98). Leiðréttingar birtust í Stjtið. ESB L 212, 12.6.2004, bls. 60.

Ákvæði ákvörðunar 2004/478/EB skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þegar framkvæmdastjórnin telur að upp séu komnar aðstæður af því tagi sem um getur í 1. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og þær aðstæður varða EFTA-ríki beinlínis, og sett er á fót áfallaráð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, skal áfallafulltrúi eða áfallafulltrúar, sem EFTA-ríkið sem aðstæðurnar varða beint tilnefni, og áfallafulltrúi, sem Eftirlitsstofnun EFTA tilnefni, taka þátt í starfi áfallaráðsins.

44. **32004 R 2230**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2230/2004 frá 23. desember 2004 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar net stofnana sem starfa á sviðum sem falla undir hlutverk Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 64).
45. **32006 D 0478**: Ákvörðun ráðsins 2006/478/EB frá 19. júní 2006 um skipun helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 189, 12.7.2006, bls. 7).“

4. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 54zzzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2023/2006) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54zzzc. **32002 R 0178**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. ESB L 31, 1.2.2002, bls. 31), eins og henni var breytt með:

- **32003 R 1642**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1642/2003 frá 22. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 4),
- **32006 R 0575**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 frá 7. apríl 2006 (Stjtið. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).

Ákvæði reglugerðar (EB) nr. 178/2002 skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðarinnar, svo og ákvæði gerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skulu taka til Íslands án aðlögunarfrestsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka.
- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í störfum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, sem nefnist „stofnunin“ í því sem hér fer á eftir, en hafa þó ekki atkvæðarétt. Þrátt fyrir ákvæði bókunar I við samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ í reglugerðinni þannig að það taki til EFTA-ríkjanna auk ríkja sem það tekur til samkvæmt reglugerðinni, enda sé ekki kveðið á um annað hér á eftir. Beita skal ákvæðum 11. mgr. bókunar I.
- c) Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi fastanefndar um matvælaferli og heilbrigði dýra þegar fjallað er um málefni sem heyra undir gerðir sem um getur í samningnum. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.
- d) Í stað texta 12. gr. komi eftirfarandi:

„Löggjöf EFTA-ríkjanna um framleiðslu, innflutning og sölu matvæla og fódurs skal fullnægja öllum viðeigandi kröfum laga um matvæli, og skal þannig meðal annars hafa að geyma virk úrræði til að koma í veg fyrir að

vörur, sem teknar eru af markaði í einu ESB-ríki, séu fluttar út (aftur) til ríkis utan ESB um EFTA-ríki.“

- e) Eftirlitsstofnun EFTA skulu afhentar upplýsingarnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 26. gr. 2. mgr. 32. gr., 4. og 6. mgr. 33. gr. og 4. mgr. 34. mgr.

- f) Ákvæði 29. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríki er heimilt að fara fram á vísindaálit stofnunarinnar á atriðum sem falla undir starfsvið hennar. Slíka beiðni skal fyrst senda framkvæmdastjórninni og skal hún, ef beiðnin telst hafa almennt gildi, framsenda hana stofnuninni í því skyni að fá umbeðið álit hennar.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fara fram á vísindalegt álit stofnunarinnar á málinu. Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa samstarf um þetta við framkvæmdastjórnina til þess að tryggja samræmi í vinnubrögðum.

- g) Ákvæði 31. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fara fram á vísindalega og tæknilega aðstoð stofnunarinnar, sbr. ákvæði 31. gr., í tengslum við atriði sem falla undir starfsvið hennar samkvæmt samningnum.

- h) Eftirfarandi bætist við 48. gr.:

„Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjana sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.“

- i) Ákvæði 53. og 54. gr. skulu aðlöguð sem hér segir:

1. Þegar um ræðir matvæli eða fóður sem er upprunnið í Evrópubandalaginu eða EFTA-ríki gilda eftirtalin ákvæði:

- a) Hyggist Evrópubandalagið eða EFTA-ríki gera neyðarráðstafanir gagnvart öðrum samningsaðilum skal þeim gert viðvart um það án tafar.

Fyrirhugaðar ráðstafanir skulu tilkynntar án tafar öllum samningsaðilum og bæði framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA.

Heimilt skal að láta ráðstafanirnar öðlast gildi tafarlaust, en viðræður milli framkvæmdastjórnar EB og hlutaðeigandi samningsaðila um heppilegar lausnir skulu eiga sér stað svo skjótt sem við verður komið, að ósk einhvers þessara aðila.

Komi upp ágreiningur er sérhverjum hlutaðeigandi aðila heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Náist ekki samkomulag í nefndinni er samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir. Slíkar ráðstafanir skulu bundnar við það sem er strangt til tekið nauðsynlegt til að ráða bót á aðstæðum. Leitast skal við að velja ráðstafanir sem hafa sem minnst áhrif á framkvæmd samningsins.

- b) Hyggist framkvæmdastjórn EB taka ákvörðun um neyðarráðstafanir sem varða einhvern hluta af yfirráðasvæði Evrópubandalagsins skal hún gera Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum viðvart um það án tafar.

Taki framkvæmdastjórn EB ákvörðun um neyðarráðstafanir sem varða einhvern hluta af yfirráðasvæði Evrópubandalagsins skal hlutaðeigandi EFTA-ríki gera samsvarandi ráðstafanir, að höfðu samráði og eftir rannsókn á málsatriðum, nema því aðeins að sérstakar aðstæður í því ríki valdi því að ekki sé réttlætjanlegt að gera slíkar ráðstafanir. Viðkomandi ríki skal þá gera Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB viðvart tafarlaust.

Viðræður um heppilegar lausnir skulu eiga sér stað svo skjótt sem við verður komið. Náist ekki samkomulag skal beitt ákvæðum fjórðu undirgreinar a-liðar.

2. Þegar um ræðir matvæli eða fóður frá landi utan EES gilda eftirtalin ákvæði:
 - a) Þegar aðildarríki EB gera neyðarráðstafanir að því er varðar innflutning frá ríkjum utan EES skulu EFTA-ríkin gera samsvarandi ráðstafanir á sama tíma.
 - b) Komi upp erfiðleikar í tengslum við beitingu tiltekinna gerðar Evrópubandalagsins skal hlutaðeigandi EFTA-ríki tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni án tafar.
 - c) Ákvæði þessarar málsgreinar skerða ekki heimildir EFTA-ríkis til að gera neyðarráðstafanir einhliða meðan beðið er ákvarðana af því tagi sem um getur í a-lið.
 - d) Sameiginlega EES-nefndin getur tekið mið af ákvörðunum Evrópubandalagsins.
- j) Ákvæði 60. gr. breytist sem hér segir:
 1. Eftirfarandi bætist við í 1. mgr.:

„Telji stjórnvöld í EFTA-ríki að ráðstöfun aðildarríkis ESB sé annaðhvort ósamrýmanleg ákvæðum þessarar reglugerðar eða geti haft áhrif á framkvæmd samningsins skulu þau vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Hið sama á við telji stjórnvöld í aðildarríki ESB að ráðstöfun EFTA-ríkis sé annaðhvort ósamrýmanleg ákvæðum þessarar reglugerðar eða geti haft áhrif á framkvæmd samningsins.“
 2. Í stað orðanna „aðildarríkin tvö“ í fyrsta og síðasta málslið 2. mgr. komi orðin „EFTA-ríkið og aðildarríki ESB“ og í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ komi orðin „sameiginlega EES-nefndin“. Í stað orðanna „er framkvæmdastjórninni heimilt“ í öðrum málslið komi orðin „er sameiginlegu EES-nefndinni heimilt, að beiðni annars hvors samningsaðila“.
- k) EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði við rekstur stofnunarinnar í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.
- l) EFTA-ríkin skulu láta stofnunina njóta sérréttinda og friðhelgi með hliðstæðum hætti og kveðið er á um í Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna.
- m) Þessi reglugerð tekur ekki til Liechtensteins. Af þeim sökum tekur Liechtenstein ekki þátt í störfum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og tekur ekki þátt í kostnaði við rekstri hennar.

54zzzd. **32003 R 1304**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2003 frá 11. júlí 2003 um þá málsmeðferð sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu skal nota þegar beiðnum um vísindalegar álitsgerðir er vísað til hennar (Stjtið. ESB L 185, 24.7.2003, bls. 6). Leiðréttingar birtust í Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 46.

54zzze. **32004 D 0478**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB frá 29. apríl 2004 um samþykkt almennrar áætlunar um áfallastjórnun á sviði matvæla og fôðurs (Stjtið. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 98). Leiðréttingar birtust í Stjtið. ESB L 212, 12.6.2004, bls. 60.

Ákvæði ákvörðunar 2004/478/EB skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þegar framkvæmdastjórnin telur að upp séu komnar aðstæður af því tagi sem um getur í 1. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og þær aðstæður varða EFTA-ríki beinlínis, og settur er á fót viðbragðshópur í samræmi við ákvæði 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, skal viðbragðsfulltrúi eða -fulltrúar, sem tilnefndir eru af hálfu EFTA-ríkisins sem aðstæðurnar varða beint, og viðbragðsfulltrúi, sem Eftirlitsstofnun EFTA tilnefnir, taka þátt í starfi viðbragðshópsins.

54zzzf. **32004 R 2230**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2230/2004 frá 23. desember 2004 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar net stofnana sem starfa á sviðum sem falla undir hlutverk Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 64).

54zzzg. **32006 D 0478**: Ákvörðun ráðsins 2006/478/EB frá 19. júní 2006 um skipun helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 189, 12.7.2006, bls. 7).“.

YFIRLÝSING

EFTA-RÍKJANNA

UM 12. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR. 178/2002 UM ALMENN LÖG UM MATVÆLI OG MATVÆLAÖRYGGISSTOFNUN EVRÓPU

EES-samningurinn hefur ekki að geyma ákvæði um sameiginlegar viðskiptareglur að því er varðar útflutning á matvælum og fóðri til landa utan EES. EFTA-ríkin vilja engu að síður taka fram að þau telji að landslög og málsmeðferð ríkjanna sé í fullu samræmi við ákvæði ESB-löggjafar sem fram koma í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Jafnframt lýsa EFTA-ríkin sig reiddubúin til að gera framkvæmdastjórninni viðvart um hvers kyns breytingar á landslögum sem varða útflutning á matvælum og fóðri til landa utan EES.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING

SAMNINGSADILA

UM ÞÁTTTÖKU EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA Í STARFI RÁÐGJAFARHÓPS MATVÆLAÖRYGGISSTOFNUNAR EVRÓPU (EFSA)

Samningsaðilar taka fram að með hliðsjón af því að reglugerð (EB) nr. 178/2002 er nú felld inn í EES-samninginn er forstjóra stofnunarinnar heimilt að bjóða Eftirlitsstofnun EFTA að senda áheyrnarfulltrúa á fundi ráðgjafarhópsins.

YFIRLÝSING
STJÓRNVALDA Í NOREGI
UM JAFNGILDISSAMNINGA
REGLUGERÐ (EB) NR. 178/2002 UM ALMENN LÖG UM MATVÆLI OG
MATVÆLAÖRYGGISSTOFNUN EVRÓPU

Ef jafngildissamningar á sviði dýraheilbrigði verða gerðir milli Noregs og landa utan EES sem hafa gert jafngildissamninga við Evrópusambandið skuldbinda stjórnvöld í Noregi sig til að gera þá þannig úr garði að ákvæði þeirra verði hliðstæð samningum Evrópubandalagsins til þess að forðast misræmi.